

## Hátíðarræða 1. maí 2014

### Ójöfnuður og vítisvél verðtryggingar –Hvernig samfélag viljum við ?

Góðir félagar, til hamingju með baráttudag verkalyðsins. Það eru erfiðir tímar eins og segir í kvæðinu góða og sjaldan verið meiri þörf fyrir öflug verkalyðsfélög eins og í dag. Það er þyngra en tárur taki að verða að vitni að yfirgangi, mannréttindabrotum og samningssvikum sem íslenskt verkafólk þarf að þola. Ofan á það allt saman malar vítisvél verðtryggingar allt sem fyrir verður, þrátt fyrir fögur fyrirheit stjórnmalamanna að nú eigi aldeilis að taka á vandanum. Stofnaður var starfshópur, er skila skyldi tillögum til stjórnvalda varðandi niðurfellingu verðtryggingar af húsnæðislánum, sá hópur lyppaðist niður fyrir fjármagnseigendum...nema einn. Vilhjálmur Birgisson stóð vaktina og var sá eini sem fór eftir erindisbréfinu og skilaði séráliti. Hafi hann þökk fyrir drengilega baráttu nú sem endranær. Sómi Íslands sverð þess og skjöldur !!!!

Ekki er baráttunni lokið þótt reynt sé að svæfa málin, í gangi eru 2 dómsmál (m.a hjá VLFA) til að vinda ofan af verðtryggingarvítisvélinni og sendum við öllum baráttukveðjur sem standa í þeirri orrahríð. Ekki veitir af. Nú í gær bárust þær gleðifréttir eða hitt þó heldur fyrir íslenskt verkafólk að vísitala neysluverðs hafi hækkað um 0,31 % og þar með verðbólga yfir 5 % síðustu 3 mánuði... sem þýðir á íslensku að allar samningshækkningar til verkafólks hafa brunnið upp á einni nóttu ! Þeir hljóta að vera stoltir varðhundur samræmdrar launastefnu sem hafa stungið VLFA og fleiri félög í bakið, félög sem hafa staðið af sér þvælna í forseta ASÍ.

Það er forkastanlegt að þegar tveir aðilar geri samning, beri aðeins annar skaðann er bjátar á. Íslenskt verkafólk mun aldrei...aldrei verða sátt við að sjá laun sín og eignir brenna upp í vítisvélinni. Við verðum að láta betur í okkur heyra. Neyðarlögin voru sett til að vernda 3% þjóðarinnar það hefur nú verið staðfest, en við 97% hömumst á hamstrahjólínu og eigum að borga alla vitleysuna. Nú er nóg komið.

Undanfarið hafa verið fréttir af því að hugsanlega verði sett lög á verkföll og þar með hindruð sú eina leið sem verkafólk hefur til bættra kjara. M.a. á félaga okkar á Herjólfu illu heilli. Fréttir berast úr ráðuneytum með hótunum! Að verið sé að vinna að greinargerð til að setja lög á hin og þessi verkföll! Hvernig væri nú að standa við loforðin og setja lög sem banna verðtryggingu. Á þetta alltaf að vera á annan vegin. Þetta er einfalt, Neyðarlögin voru sett á einni kvöldstund

fyrir 3% þjóðarinnar nú er lag að hugsa um hin 97%. Hvar er atgeirinn var sagt einu sinni!

Lífeyrissjóðirnir töpuðu gríðarlega, en þar virðist vitfirringin halda áfram enda ekki við öðru að búast þar sem atvinnurekendur hafa tífalt atkvæðamagn á við verkafólk, sér einhver sanngirni í því eða rök. Rekstur þeirra er gríðarlega dýr og mörg silkiúfan makar krókinn með tilheyrandi hlunnindum á kostnað lífeyrisþega sem eru undantekningarlaust sviknir um stóran hluta af sínum lífeyri sem þeir verða svo að greiða af skatt tvisvar sinnum.

Látum ekki ill öfl eyðileggja okkar góða lífeyriskerfi, snúum ofanaf vitleysunni. Lífeyrissjóðir eru okkar hornsteinn og ekki eru nema 40 ár síðan verkafólk dó slyppt og snautt úr fátækt. Burt með atvinnurekendur úr stjórnun lífeyrissjóða...helst á morgun.

Fatlaðir, öryrkjar og aðrir sem minna mega sín hafa þurft að þola miklar hremmingar að undanförunu og við þurfum að standa vörð um þeirra kjör, þar vantar mikið á. Málaflokkurinn var fluttur til sveitarfélaganna en að sjálfsögðu fylgdu ekki aurarnir með, það hefur þurft að hygla öðrum og betri gæðingum. Á Vesturlandi vantar u.þ.b. 70-100 milljónir til að efna loforðin svo hægt sé að veita mannsæmandi aðbúnað fyrir þetta góða fólk sem getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Nú er búið að loka sambýlinu á Vesturgötunni og þar er ein skýringin, að það sé svo dýrt að kynda húsið. Það er einmitt. Nú höfum við skattgreiðendur á Akranesi látið renna til OR um 630 milljónir á síðasta kjörtímabili. Nú berast fregnir að búið sé að bjarga rekstri orkuveitunnar, er ekki lag að bjarga rekstri Sambýla fatlaðra á Vesturlandi og splæsa í kyndingu í 4 ár hið minnsta. Það er nóg af peningum í okkar þjóðfélagi en misskiptingin er hræðileg.

Góðir félagar, það eru alvarlegir hlutir að gerast á hverjum degi í íslenskri verkalyðsbaráttu, samningsbrot, samningsleysi, ásamt þrúgandi og duldem hótunum dynja á hinum almenna verkamanni. Skilaboðin eru þessi, ef þú ert ekki þægur þá segi ég þér upp og ræð erlent vinnuafli í staðinn“. Þá er nú gott fyrir erlenda vinnuaflið að geta leitað til VLFA því þar er tryggt að ekki er vaðið yfir verkafólk. Samningar og útboðsreglur eru hafðar að vettugi linnulaust. Í raun grafalvarlegt. Stórt fyrirtæki með mikla samfélagslega ábyrgð stóð fyrir launalækkun starfsmanna í mótuneyti sínu án þess að blikna. Markmiðið var að eyðileggja þann góða fyrirtækjasamning sem VLFA hafði náð og gat varið þeirra kjör. Ekki til eftirbreytni.

Fyrirtæki sem nýlega hefur haslað sér völl á Grundartanga vill eingöngu erlent vinnuafli, hver er ástæðan fyrir því? Er það þægilegra, er hægt að borga þeim lægri laun fyrir sömu vinnu og sneiða hjá verkalýðsfélögum á svæðinu. Við verðum að standa vörð um þau kjör og þá baráttu sem náðst hefur. Stóriðjan er okkur mikilvæg, en samfélagið á Akranesi og nærsveitum ber nú skarðan hlut frá borði, langflestir stjórnendur og millistjórnendur eru af höfuðborgarsvæðinu og vekur það upp spurningar.

Það vekur líka upp spurningar að ASÍ notar hver tækifæri til að bregða fæti fyrir okkar góða félag VLFA í samningum. Það er dæmalaust að þurfa að standa í baráttu við SA, og á sama tíma önnur félög sem eiga að heita samherjar. Heggur sá er hlífa skyldi!

Er vandamálið kannski hagsmunagæsla? Hvern er ASÍ að vinna fyrir?

Í ræðu minni á 1. maí 2011 hvatti ég til að ryðja úr miðstjórn ASÍ og kjósa skyldi formann ASÍ beinni kosningu. VLFA flutti tillögu þess efnis á þingi ASÍ sem var kolfelld. Það er lýsandi fyrir íslenskt samfélag, það er sagt að manni verði illt í rassinum af lýðræði. En það þarf kjark til að sýna auðmýkt og viðurkenna að ekki er allt á réttri leið. Að sjálfsögðu eigum við að kjósa forseta ASÍ beinni kosningu af öllum félagsmönnum.

Hvernig samfélag viljum við? Nú berst fréttir af gríðarháum kaupaukum, ofurlaunum, afskriftum og kennitölufлакki. Það hefur ekkert breyst frá svokölluðu hrúni. Eftir tæpa viku má hlýða á dýran fyrirlestur frá dæmdum þjóf sem hefur verið fluttur inn til að kenna íslendingum viðskipti, færri komast að en vilja enda kostar miðinn ekki nema 50-60 þúsund krónur sem svarar 3 vikna örorkubótum.

Á tyllidögum tala fyrirtæki með fagurgala um samfélagslega ábyrgð, en hafa kannski deginum áður rekið eina skúringakonuna og boðið út matinn. Excel kynslóðin verður að viðurkenna að hún hefur skitið upp á bak. Hagsmunapot og einkavinavæðing verður ekki liðin. Við látum ekki bjóða okkur þetta lengur. Pönk og Cocoapuffs kynslóðin býr nefnilega svo vel hafa internetið þar sem hægt er að safna saman öllum lygum og svikum stjórnámálanna á örskotsstundu og fara yfir það. Þar liggja tækifærin. Guð blessi féлага Google!

Auðæfi eru alltaf stórhættuleg siðferði fólks og viti,....langhættulegust eru þó auðæfin viti og skynsemi fólks ef þau ber brátt að. Það kallar á hroka og skort á auðmýkt. Þetta ættu landsfeðurnir og ríkisstjórn á hverjum tíma, að hafa að

leiðarljósi og frambjóðendur til sveitarstjórna. Þið eruð kosin til þjónustu en ekki valda!

Íslenskt verkafólk hefur fengið nóg af hroka og yfirgangi. Ljosið í myrkrinu er samstaðan og baráttuhugur sem aldrei má dvína. Stöndum saman og byggjum gott samfélag með styrki forystu Vilhjálms Birgissonar og Verkalýðsfélags Akraness.

Betra er að vera frjálst og soltinn en feitur þræll !

Til hamingju með daginn og gæfan fylgi ykkur.

*Stefán Skafti Steinólfsson, Akranesi.*